



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

ALMENN ÁKVÆÐI.

1. Lög um vátryggingarsamninga.

1.1 Auk skilmála þessara, vátryggingarskírteinis og annarra gagna, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. (númer) 30/2004 um vátryggingarsamninga.

2. Þeir sem vátryggðir eru.

2.1 Vátryggingartaki er vátryggður.

GILDISSVIÐ VÁTRYGGINGARINNAR.

3. Ábyrgð í atvinnurekstri.

3.1 Vátryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar.

3.2 Á sama hátt, sé þess getið í skírteini eða iðgjaldskvittun, er vátryggt gegn skaðabótaábyrgð er fellur á vátryggðan sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar, sem notuð er við greinda starfsemi.

4. Skaðsemisábyrgð.

4.1 Vátryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum af völdum hættulegra eiginleika vöru sem vátryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi. Um þess konar ábyrgð gilda sérstakir skilmálar sem prentaðir eru á eftir 27. gr. (grein).

4.2 Tjón, sem verður erlendis, er ekki bætt nema um það sé samið sérstaklega.

5. Samningar um bætur og bótafjárhæð.

5.1 Vátryggingin tekur ekki til bótaábyrgðar sem stofnast vegna loforðs frá vátryggðum um að hann beri viðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Sama gildir um samning sem felur í sér loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum reglum um ákvörðun bóta utan samninga.

NÁNARI AFMÖRKUN GILDISSVIÐS VÁTRYGGINGARINNAR.

6. Almennar undantekningar.

6.1 Vátryggingin tekur ekki til:

- tjóns sem hlýst af því að söluvara berst viðtakanda ekki eða ekki í tæka tíð eða greiðsla er ekki innt af hendi á réttum tíma,
- tjóns sem hlýst af kjarnorku eða geislavirkum efnum,
- hvers konar líffræðilegra eða efnafæðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þar með talið vegna sýkla og veira, sem hljóttast af völdum hryðjuverka,
- ábyrgðar vegna hvers konar tjóns, beins eða óbeins, sem rekja má til asbests.

6.2 Vátryggingin nær ekki til skaðabótaábyrgðar vegna taps eða tjóns sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta af:

- áhrifum dagsetninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja,
- umsjón með eða ráðgjöf um áhrif dagsetninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra,
- eftirliti, viðurkenningu, ákvörðun, staðfestingu eða áritun um aðstæður þar sem áhrif dagsetninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra skipta máli, þar með talið en þó ekki takmarkað við störf framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og endurskoðenda að verkefnum sínum.

6.3 Í 2. mgr. (málsgrein) er:

- með **“dagsetningu”** átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tímasetningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þess



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

hvoru tveggja,

- b. með **“búnaði”** átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra ápreifanlega hluti eða hóp hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þar með talið en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi, þar með talið örgjörvar og kísilflögur,
- c. með **“kerfi”** átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þess og hvers konar miðil fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða annars óápreifanlegs eða ápreifanlegs.

7. Almennar undantekningar vegna skemmda á munum.

- 7.1 Vátryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem:
 - a. vátryggður á einn eða með öðrum,
 - b. vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem vátryggður hefur tekið í heimildarleysi,
 - c. vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið,
 - d. hlýst af eldsvoða.

8. Almennar undantekningar vegna líkamstjóns.

- 8.1 Vátryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna líkamstjóns sem rekja má til langtíma áhrifa raf- eða segulsviðs.

9. Undanskilin áhætta sem vátryggja má sérstaklega.

- 9.1 Félagið greiðir ekki eftirfarandi skaðabótakröfur nema áhættan, sem krafan er reist á, hafi verið tryggð sérstaklega og hennar getið í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun:
 - a. skaðabótakröfu sem fellur á vátryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips, báts eða annars farartækis,
 - b. skaðabótakröfu vegna tjóns sem hlýst við byggingarframkvæmdir á fasteign sem vátryggður á eða notar,
 - c. skaðabótakröfu vegna munatjóns sem hlýst af því að vátryggður vinnur við sprengingar, jarðboranir, aðrar framkvæmdir í jörðu svo sem að reka niður eða taka upp staura, stálpil og þess háttar, niðurrif mannvirkja, uppfyllingu eða aðrar breytingar á landi, breytingar á grunnvatni, rennsli vatns eða aðrar framkvæmdir varðandi grunnvatn, stöðuvatn eða straumvatn.

10. Mengunartjón.

- 10.1 Vátryggingin tekur ekki til tjóns sem rakið verður til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið greiðir þó bætur vegna slíks tjóns ef það verður rakið til eins skyndilegs og óvænts atburðar sem ekki má kenna því að vátryggður hefur með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi látið hjá líða að fara eftir opinberum fyrirmælum sem gilda á hverjum tíma.

11. Laun í slysaforföllum og bætur úr slysatryggingu.

- 11.1 Ábyrgðartrygging þessi er bundin því skilyrði að vátryggingartaki kaupi atvinnuslysatryggingu í samræmi við kjarasamninga og lög. Bætur, sem greiða ber af umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu, koma að fullu til frádráttar ábyrgðartryggingarbótum. Sama á við um fjárhæðir sem greiða hefði átt úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu sem atvinnurekandi hefur vanrækt að kaupa eða halda í gildi.
- 11.2 Laun, sem vátryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningi að greiða manni er verður fyrir slysi eða veikist, koma að fullu til frádráttar bótum vegna ábyrgðartryggingar þessarar.
- 11.3 Félagið greiðir ekki endurkröfu frá almannatryggingum.

12. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 12.1. Valdi vátryggður eða starfsmenn hans, sem gegna ábyrgðarstöðum hjá honum, tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð vegna tjónsins. Samsvari umfang atvinnureksturs vátryggðs fimm ársverkum eða



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

fleiri við gerð vátryggingarsamnings eða endurnýjun hans er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta, hafi sömu aðilar og greinir í fyrri málslið valdið tjóni með háttsemi sem talin verður stórkostlegt gáleysi.

13. **Sektir.**

13.1 Félagið greiðir ekki bætur vegna sekta eða annarra refsiviðurlaga.

14. **Landfræðileg mörk vátryggingarinnar.**

14.1 Vátryggingin tekur aðeins til tjóns er verður á Íslandi, sbr. (samanber) þó gr. 4.2 varðandi skaðsemisábyrgð.

15. **Vátryggingartími.**

15.1 Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrir en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem verður áður en vátryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrir en á vátryggingartímanum.

16. **Vátryggingarfjárhæð.**

16.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tjónsatviks (vátryggingaratburðar) takmarkast við vátryggingarfjárhæð þá sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Ábyrgð félagsins vegna allra tjónsatvika innan hvers vátryggingarárs (vátryggingartímabils) takmarkast einnig við vátryggingarfjárhæðina án tillits til þess hvort tjónsatvik falli undir hina almennu skilmála eða einstaka skildaga.

16.2 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að vátryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem vátryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem vátryggingin tekur til.

16.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem henni ber að greiða.

SKYLDUR VÁTRYGGÐS GAGNVART FÉLAGINU.

17. **Svik og rangar upplýsingar.**

17.1 Hafi vátryggingartaki við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.

17.2 Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að bætur eru greiddar honum til hagsbóta, sem hann á ekki rétt til, fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

18. **Aukin áhætta.**

18.1 Vátryggður skal tilkynna félaginu um allar breytingar á atvinnurekstrinum sem haft geta aukna áhættu í för með sér. Vanræki vátryggingartaki tilkynningarskyldu sína og verði tjón af völdum hinnar breyttu áhættu lækkar ábyrgð félagsins að tiltölu miðað við þá iðgjaldshækkun sem félagið hefði áskilið sér vegna áhættubreytingarinnar.

19. **Varúðarreglur.**

19.1 Vátryggðum og starfsmönnum hans er skylt að gæta þess að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir sem hafa lögskilin réttindi til stjórnar slíkra tækja.



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 19.2 Áður en hafinn er gröftur í jörðu, borvinna eða múrsögun í húsum eða utanhúss skulu vátryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.
- 19.3 Brot gegn varúðarreglum skv. (samkvæmt) 1. og 2. mgr. og öðrum settum varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta

20. Ráðstafanir til að afstýra tjóni.

- 20.1 Þegar vátryggingaratburðurinn hefur orðið eða bein hættu er á því að hann muni bera að höndum ber vátryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur varðað lækkun eða missi bóta eftir lögum um vátryggingarsamninga.
- 20.2 Vátryggingin nær til tjóns og kostnaðar er vátryggður hefur af ráðstöfunum til að afstýra tjóni, sbr. 38. gr. laga um vátryggingarsamninga.

21. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

- 21.1 Þegar tjón er orðið skal vátryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir er hann fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að vátryggingin ná til, verði gerð á hendur honum.
- 21.2 Ekki má vátryggður viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins, nema hann hafi aðeins gert það sem honum var skylt lögum samkvæmt, er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti hennar.

SAMNINGAR VIÐ TJÓNÞOLA.

22. Réttur félagsins til að semja við tjónþola og til útborgunar vátryggingarfjárhæðarinnar.

- 22.1 Félagið á rétt til að annast samninga við tjónþola (þann sem kröfu gerir á hendur vátryggðum) og eftir atvikum að annast málsvörn. Kostnaðinn greiðir félagið eftir reglum gr. 16.2.
- 22.2 Félaginu er heimilt að greiða bætur beint til tjónþola. Komi fram skaðabótakrafa getur félagið á hvaða stigi málsins sem er fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða vátryggingarfjárhæðina og áfallna vexti og kostnað sem svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

GILDISTÍMI, IÐGJALD OG FLEIRA.

23. Gildistaka og gildistími vátryggingarinnar og uppsögn.

- 23.1 Vátryggingin tekur gildi þegar félagið samþykkir vátryggingarbeiðni, nema beðið sé um að hún taki síðar gildi. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 24.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.
- 23.2 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. getur vátryggingartaki ekki sagt vátryggingarsamningnum upp á vátryggingartímanum til að flytja vátrygginguna til annars félagsins.
- 23.3 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

24. Greiðsla iðgjalds.

- 24.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 24.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur samkvæmt 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 24.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur samkvæmt 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 24.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 24.5 Falli vátrygging niður samkvæmt 2. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 24.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

25. Útreikningur iðgjalds.

- 25.1 Þegar iðgjald reiknast af breytilegum stærðum, svo sem veltu, vinnulaunum, fjölda starfsmanna, véla eða tækja, skal áætla iðgjald í upphafi vátryggingartímabils en endanlegt iðgjald greiðist við lok þess.
- 25.2 Vátryggingartaka er skylt að láta félaginu í té, innan eins mánaðar frá lokum vátryggingartímabils, þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar ákvörðunar iðgjalds. Berist upplýsingar þessar ekki í tæka tíð má félagið ákveða endanlegt iðgjald sem telja má sanngjarnt.
- 25.3 Ef endanlegt iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjald, sem reiknað var, ber vátryggingartaka að greiða mismuninn innan viku frá því að þess var krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra en bráðabirgðaiðgjaldið ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan viku frá því að útreikningur gat farið fram.

26. Eigin áhætta vátryggðs.

- 26.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, en með því hámarki og/eða lágmarki sem þar kemur fram.
- 26.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þó að krafan og kostnaðurinn samanlagt verði meiri en fjárhæð eigin áhættu.

27. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 27.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 27.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 27.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.
- 27.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

SÉRSTAKIR SKILMÁLAR FYRIR VÁTRYGGINGU VEGNA SKAÐSEMISÁBYRGÐAR.

28. Almennt.

- 28.1 Skilmálar þessir gilda með þeim breytingum, sem getið er í 29. til 37. gr. hér á eftir, um áhættu vegna hættulegra eiginleika söluvöru (skaðsemisábyrgð). Skilyrði þess að vátryggingin taki til tjóns erlendis, sbr. 33. gr., er að sérstakt iðgjald hafi verið greitt fyrir þá áhættu.



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

29. Tjón sem váttryggingin tekur til vegna skaðsemisábyrgðar.

29.1 Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á váttryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum af völdum hættulegra eiginleika vöru, sem váttryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi, enda hafi líkamstjónið eða skemmdirnar orðið eftir að váttryggður afhenti söluvöruna. Það er skilyrði fyrir greiðsluskylda félagsins að tjóninu hafi verið valdið í starfsemi þeirri sem nefnd er í skírteini eða iðgjaldskvittun og af völdum söluvöru sem þar er nefnd.

30. Hættulegir eiginleikar hráefnis, byggingarluta, vélarhluta og þess háttar.

30.1 Váttryggingin tekur ennfremur til ábyrgðar vegna skemmda á munum sem búnir eru til úr söluvöru váttryggðs, skeyttir eru eða blandaðir við hana eða eru á annan sambærilegan hátt tengdir við hana.

30.2 Bætur greiðast í tilvikum skv. 1. mgr., hvort sem orðið hefur tjón samkvæmt 29. gr. eða fjártjón samkvæmt b. lið 31. gr. Að öðru leyti er greiðsluskylda félagsins háð skilyrðum 29. gr. Greiðsluskylda félagsins takmarkast við bótaábyrgð sem beinlínis verður rakin til þess að fleygja verður eða gera við hlut sem búinn er til úr söluvöru váttryggðs eða tengdur henni, sbr. 1. mgr., eða að hluturinn verður dýrari í framleiðslu eða lækkar í verði.

30.3 Bætur eru aðeins greiddar fyrir verðyrnun hlutarins, aukakostnað við framleiðslu eða gerð hans eða beinan kostnað við viðgerð á honum.

30.4 Eigi eru greiddar bætur fyrir annað tjón, útgjöld eða kostnað, til dæmis vegna þess að senda þarf viðgerðarmenn eða aðra starfsmenn á vettvang, taka þarf hluti aftur, rannsaka eða flytja hluti sem búnir eru til úr söluvöru váttryggðs eða vara menn við hættu af slíkum hlutum.

30.5 Ef tjón eða skemmdir hafa hlotist af söluvöru váttryggðs vegna muna, sem getið er í 1. mgr., ber að draga frá váttryggingarbótum andvirði söluvöru váttryggðs, eins og það var miðað við ógallaða vöru.

31. Undantekningar vegna ábyrgðar á hættulegum eiginleikum.

31.1 Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna:

- skemmda á söluvörunni sjálfri,
- fjártjóns sem ekki verður rakið til slyss eða eignaskemmda, sbr. þó gr. 30.2,
- tjóns, útgjalda eða kostnaðar við að váttryggður tekur söluvöru aftur, býr til eða afgreiðir nýja vöru, gerir við, eyðileggur eða flytur brott vöru eða gerir aðrar þess háttar ráðstafanir vegna galla á hinu selda,
- rekstartaps, afnotamissis eða annars óbeins tjóns,
- tjóns af völdum söluvöru sem notuð er við rekstur loftfars og á annaðhvort þátt í flugslysi eða veldur hættu á því,
- sérstakra refsikenndra bóta („punitive damages”).

32. Stórkostlegt gáleysi og fleira.

32.1 Váttryggingin tekur ekki til skaðsemisábyrgðar, sbr. 29. og 30. gr., ef:

- rekja má tjón til þess að meðferð vöru, svo sem við framleiðslu eða sölu, hefur ekki verið samkvæmt settum eða á annan hátt viðurkenndum reglum vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis váttryggðs eða starfsmanna hans,
- váttryggingartaki eða sá sem á fyrir hans hönd að stjórna atvinnurekstrinum vissi að söluvara var gölluð eða olli gallanum af ásettu ráði, eða stjórnandinn vissi ekki að söluvaran er gölluð en meta má honum það til stórkostlegs gáleysis,
- tjón hlýst af því að rangar upplýsingar eru gefnar viljandi eða af stórkostlegu gáleysi um hvernig nota á eða má söluvöru, og skiptir hér ekki máli hvernig upplýsingarnar eru gefnar.

33. Tjón erlendis.

33.1 Auk tjóns á Íslandi, sbr. 14 gr., tekur váttryggingin til tjóns vegna hættulegra eiginleika söluvöru er verður í þeim ríkjum sem nefnd eru í skírteini eða iðgjaldskvittun. Skilyrði þess, að váttryggingin taki til tjóns



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

erlendis, er að sérstakt iðgjald hafi verið greitt fyrir þá áhættu.

- 33.2 Bætur fyrir tjón, sem getur í 29. eða 30. gr. og hlýst utan nefndra ríkja, greiðast þó ef tjónið verður rakið til söluvöru, sem flutt er út úr þessum ríkjum, óbreytt, endurunnin eða sem hluti af annarri vöru, annað hvort
- til einkanota, eða
 - í atvinnuskyni án þess að váttryggðum hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um að varan yrði flutt út úr þessum ríkjum.

34. Váttryggingartími.

- 34.1 Í stað 15. gr. gildir eftirfarandi regla um tjón sem getur í 29. og 30. gr.:
- Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu sem gerð er á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum án tillits til þess hvenær atvik þau urðu er krafan reis af. Váttryggingin nær ekki til tjóns sem kemur í ljós áður en váttryggingartíminn hefst. Skaðabótakrafa telst gerð þegar hið fyrsta af eftirfarandi atvikum ber að höndum:
- þegar váttryggðum berst fyrsta skrifleg krafa um bætur, vegna tjónsatviks,
 - þegar váttryggðum eða þeim sem stjórnar atvinnurekstrinum fyrir hans hönd verður fyrst kunnugt að tjónsatvik hefur orðið og bein hætta er á að tjón verði sem vera kann að rakið verði til hegðunar váttryggðs eða söluvöru hans.
- 34.2 Félagið bætir ekki tjón vegna skaðabótakröfu sem gerð er á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum ef váttryggður tilkynnir félaginu ekki um kröfuna innan þriggja mánaða frá lokum váttryggingarinnar.
- 34.3 Hafi skaðabótakrafa verið gerð á hendur váttryggðum samkvæmt b. lið 1. mgr. á váttryggingartímanum og fullnægt er skilyrði 2. mgr. um þriggja mánaða tilkynningarfræst, greiðir félagið bótakröfuna þá og því aðeins að váttryggðum berist skrifleg krafa eftir a. lið 1. mgr. og hann tilkynni félaginu um kröfuna innan tveggja ára frá lokum váttryggingarinnar.

35. Váttryggingarfjárhæð.

- 35.1 Í stað 16. gr. gilda eftirfarandi reglur um tjón vegna hættulegra eiginleika söluvöru:
- Ábyrgð félagsins á hverju váttryggingarári takmarkast við 10% þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem greind er í skirteini eða iðgjaldskvittun. Þetta gildir þótt fleiri en eitt tjónsatvik verði á árinu.
- 35.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu váttryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar.
- 35.3 Verði tjón utan Norðurlanda takmarkast greiðsluskylda félagsins þó jafnan við váttryggingarfjárhæðina.
- 35.4 Kostnaður við ráðstafanir til að afstýra tjóni, sbr. 20. gr., greiðist allt að þeirri fjárhæð sem sérstaklega er getið í skirteini eða iðgjaldskvittun.

36. Hámarksfjárhæð þegar fleiri en eitt tjón eru af sömu rót runnin.

- 36.1 Greiðsluskylda félagsins vegna skaðabótakrafna sem gerðar eru á hendur váttryggðum, sbr. 34. gr., og raktar verða til sömu orsakar takmarkast við váttryggingarfjárhæðina samkvæmt 35. gr. Ábyrgð félagsins vegna allra krafanna takmarkast við váttryggingarfjárhæðina á því váttryggingarári sem skaðabótakrafa var gerð vegna fyrsta skaðans, enda þótt kröfurnar komi fram á fleiri árum, en draga skal frá váttryggingarbætur sem kunna að hafa verið greiddar vegna annarra tjónsatvika á því ári.

37. Kostnaður við að afgreiða nýjar vörur o.fl. (og fleira).

- 37.1 Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. greiðir félagið aldrei kostnað, útgjöld eða tjón, sem greinir í c. lið gr. 31.1, enda þótt til þess sé stofnað í því skyni að afstýra tjóni. Sama á við um kostnað, útgjöld eða tjón vegna könnunar á því hvort söluvara sé gölluð eða hætta sé á að váttryggingaratburðurinn gerist, eða tjóns sem stafar af því að eigi er unnt að nota gallaða söluvöru.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

SKILDAGAR

Eftirfarandi skildagar gilda ef þeirra er getið á skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 1. Skildagi um eignarhluta í húsi.

Vátryggingin tekur til skaðabótaskyldu vegna tjóns sem verður vegna húseignar þeirrar eða eignarhluta er vátryggingarsamningur greinir. Vátryggingin tekur aðeins til tjóns sem verður vegna húseignarinnar eða (eignar)hluta vátryggðs eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum eða notendum hússins og þá í réttu hlutfalli við (eignar)hluta hans.

Þegar vátryggingartaki er húsfélag sem keypt hefur vátryggingu vegna heils fjölbýlishúss tekur vátryggingin einnig til ábyrgðar eigenda einstakra eignarhluta gagnvart hverjum öðrum en með öllum öðrum takmörkunum sem getur í vátryggingarsamningi.

Nr. 2. Skildagi um vinnu við viðhald húsa.

Ef kostnaður við verklegar framkvæmdir vegna viðhalds húss fer fram úr 5% af brunabótamatsverði þess skal greiða viðbótariðgjald.

Sé aðeins um að ræða vátryggingu á eignarhluta í húsi skal miða við matsverð eignarhlutans.

Jafnan skal greiða viðbótariðgjald þegar vinnupallar eru notaðir við viðhaldsvinnu.

Nr. 3. Skildagi fyrir jarðytur, vélskóflur, skurðgröfur og aðrar þess háttar vinnuvélar.

Félagið greiðir ekki bótakröfu sem lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja nær til. Vátryggingin tekur ekki til bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af þunga vinnuvélarinnar t.d. á brúm, vegum eða lögnum í jörðu.

Hins vegar tekur vátryggingin til skaðabótaábyrgðar vegna tjóns sem verður við gröft eða aðra venjulega notkun vinnuvélarinnar. Ef tjón verður á munum við slíka notkun gilda ekki almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu vátryggðs heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Vátryggðum, verkstjórum og stjórnendum vinnuvéla er skylt að gæta varúðarreglna, sbr. 19. gr. í almennu vátryggingarskilmálunum.

Það er skilyrði fyrir bótum á skemmdum á jarðstrengjum, vatnslögnum og þvíumlíku að viðkomandi starfsmaður hafi áður kynnt sér hættu á tjónum á slíkum hlutum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Nr. 4. Skildagi fyrir verktastarfsemi og byggingarvinnu.

Ef tjón verður á munum við gröft í jörðu, borvinnu eða múrsögun í húsum eða utanhúss gilda ekki almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu vátryggðs heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 5. Skildagi fyrir sprengiáhættu.

Vátrygging þessi nær til skaðabótaábyrgðar vátryggðs vegna skemmda á munum af völdum sprenginga. Þó eru undanskildar skemmdir á húsum eða öðrum mannvirkjum sem eru innan 5 metra frá sprengingarstað.

Sprengingar skulu framkvæmdar undir stjórn manns sem til þess hefur lögmat réttindi. Jafnframt skal félaginu gefinn kostur á að kynna sér aðstæður á sprengingarstað áður en sprengt er. Brot gegn þessum varúðarreglum getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Nr. 6. Skildagi fyrir bifreiðaverkstæði.

Þrátt fyrir ákvæði b. og c. liða í gr. 7.1 í almennum vátryggingarskilmálunum vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast á hendur vátryggðum vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem hann hefur til viðgerðar, hreinsunar, áfyllingar, þvotta, smurnings, geymslu, flutnings (sækja eða senda) og reynsluaksturs sem fer fram með samþykki verkstjóra innan 10 km (kílómetri) fjarlægðar frá verkstæðinu.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin. Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu tekur vátryggingin ekki til kostnaðar við það. Þetta á einnig við um viðgerða hluti sem afhentir hafa verið eiganda eða umboðsmanni hans.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Skildagi þessi á einnig við um skaðabótaábyrgð er stofnast á hendur vátryggðum vegna skemmda á einstökum vélum sem hann hefur til viðgerðar á verkstæði sínu eða í tengslum við rekstur þess.

Nr. 7. Skildagi fyrir bifreiðapvottastöðvar og bónstöðvar.

Þrátt fyrir ákvæði b. og c. liða í gr. 7.1 í almennum vátryggingarskilmálunum vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast á hendur vátryggðum vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem hann hefur til viðgerðaráfyllingar, þvotta, smurnings eða flutnings (sækja eða senda) sem fer fram með samþykki verkstjóra innan 10 km fjarlægðar frá stöðinni.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin svo og skemmdir á bifreiðum af völdum þvottavélar.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 8. Skildagi fyrir smurstöðvar.

Þrátt fyrir ákvæði b. og c. liða í gr. 7.1 í almennum vátryggingarskilmálunum vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast á hendur vátryggðum vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem hann hefur til áfyllingar, þvotta, smurnings eða flutnings (sækja eða senda) sem fer fram með samþykki verkstjóra innan 10 km fjarlægðar frá smurstöðinni.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 9. Skildagi fyrir skipaviðgerðir.

Þrátt fyrir ákvæði b., c. og d. liða í gr. 7.1 í almennum vátryggingarskilmálunum vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast vegna skemmda á skipum eða bátum, sem vátryggingartaki vinnur við viðgerðir eða breytingar á, svo og til skemmda af völdum þeirra.

Tjón af þjófnaði bætist ekki.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu tekur vátryggingin ekki til kostnaðar við það.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Skildagi þessi á einnig við um skaðabótaábyrgð er stofnast á hendur vátryggðum vegna skemmda á einstökum vélum sem hann hefur til viðgerðar á verkstæði sínu eða í tengslum við rekstur þess.

Nr. 10. Skildagi fyrir fatageymslur.

Þrátt fyrir ákvæði b. liðar í gr. 7.1 í almennum vátryggingarskilmálunum tekur vátryggingin til skaðabótaábyrgðs sem verður vegna þess að fatnaður skemmist eða glatast í fatageymslu. Stöðug varsla skal vera í fatageymslunni og afhent númer fyrir öllu sem vörður veitir viðtöku, en brot gegn þessum varúðarreglum getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Almenn ákvæði um lágmark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Nr. 11. Skildagi fyrir fiskeldisstöðvar.

Vátryggingin tekur ekki til tjóns af völdum sýkingar frá fiskum, seiðum, hrognum eða svilum sem vátryggingartaki selur eða afhendir lifandi til áframhaldandi eldis utan stöðvarinnar.

Nr. 12. Skildagi fyrir loðdýra- og svínabú.

Vátryggingin tekur ekki til tjóns af völdum sýkingar frá dýrum sem vátryggingartaki selur eða afhendir lifandi til áframhaldandi eldis utan búsin.

Nr. 13. Skildagi fyrir alifuglabú.

Vátryggingin tekur ekki til tjóns af völdum sýkingar frá fuglum eða eggjum sem vátryggingartaki selur eða afhendir lifandi til áframhaldandi eldis utan búsin.

Nr. 14. Skildagi fyrir íþróttasvæði, sundstaði, heilsuræktarstöðvar, gufubaðstofur og þess háttar.

Vátryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna kappleikja eða móta sem falla niður.

Vátryggingin tekur ekki til fatnaðar eða annarra verðmæta sem afhent eru til geymslu eða geymd eru í fatageymslu, baðklefa, skápum eða þess háttar.

Nr. 15. Skildagi fyrir dýralækna.

Þrátt fyrir ákvæði b. og c. liða í gr. 7.1 í almennum vátryggingarskilmálunum vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast á hendur vátryggðum vegna tjóns er verður á dýrum þeim sem hann hefur stundað sem dýralæknir enda valdi tjónið dauða dýranna. Vátryggingin bætir þó ekki:

- tjón sem verður í fiskeldisstöðvum og loðdýrabúum,
- tjón sem verður af völdum smits,
- tjón vegna starfs fyrir annan dýralækni, dýraspítala og þess háttar þegar ábyrgð hvílir á slíkum aðilum samkvæmt reglum skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð.

Nr. 16. Skildagi fyrir heilbrigðisstofanir, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

Vátryggingin tekur ekki til fatnaðar eða annarra verðmæta sem afhent eru til geymslu eða geymd eru í fatageymslu, baðklefa, skápum eða þess háttar.

Nr. 17. Skildagi fyrir lækna.

Þrátt fyrir ákvæði í gr. 3.1 í skilmálunum tekur vátrygging þessi ekki til skaðabótakröfu vegna líkamstjóns sem rekja má til læknisverka vátryggðs eða starfsmanna hans.

Nr. 18. Skildagi fyrir bensínstöðvar.

Þrátt fyrir ákvæði b. og c. liða í gr. 7.1 í almennum vátryggingarskilmálunum vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast á hendur vátryggðum vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem hann hefur til áfyllingar eldsneytis.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 19. Skildagi fyrir hjólbarðaverkstæði.

Þrátt fyrir ákvæði b. og c. liða í gr. 7.1 í almennum vátryggingarskilmálunum vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast á hendur vátryggðum vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem hann veitir þjónustu. Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin. Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 20. Skildagi fyrir vegristir.

Félagið bætir einungis skaðabótaskyld tjón sem beinlínis verður rakið til vegristar en ekki tjón á girtu landi er hlýst af því að búfé tekst að komast yfir eða framhjá ristinni.

Leggja skal sérstakan veg fyrir umferð hesta og þess háttar til þess að aka framhjá vegristinni og setja skal upp aðvörunarmerki er vísa á aukavegin, en brot gegn þessum varúðarreglum getur leitt til þess að



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Nr. 21. Víðtækari skildagi fyrir raftækjaverkstæði og rafvirkja.

Þrátt fyrir ákvæði b. og c. liða í gr. 7.1 í almennu vátryggingarskilmálunum vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast vegna skemmda á tækjum sem vátryggingartaki hefur til viðgerðar, uppsetningar, hreinsunar eða geymslu.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin svo og ábyrgð vegna viðgerða á skipum eða tækjum úr skipum.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu tekur vátryggingin ekki til kostnaðar við það.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 22. Víðtækari skildagi fyrir vélaverkstæði.

Þrátt fyrir ákvæði b. og c. liða í gr. 7.1 í almennu vátryggingarskilmálunum vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast vegna skemmda á tækjum sem vátryggingartaki hefur til viðgerðar, hreinsunar eða geymslu.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin svo og ábyrgð vegna viðgerða á skipum eða tækjum úr skipum.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu tekur vátryggingin ekki til kostnaðar við það.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 23. Víðtækari skildagi fyrir krana

Þrátt fyrir ákvæði b. liðar í gr. 7.1 í almennu vátryggingarskilmálunum vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast vegna skemmda á munum sem er lyft, slakað eða eru fluttir með krana sem skildaginn nær til.

Skráningarnúmer krana sem skildaginn nær til skal skráð í skírteini.

Einungis eru bætt tjón sem rekja má beint til venjulegrar notkunar kranans sem vinnuvélar. Félagið greiðir ekki bætur vegna tjóns sem lögboðin ábyrgðartrygging ökutækis eða önnur vátrygging tekur til.

Ekki eru bætt tjón á munum sem vátryggður á, einn eða með öðrum, eða munum sem vátryggður hefur að láni eða hefur tekið í heimildarleysi.

Búnaður kranans skal vera í samræmi við gildandi reglugerðir, skoðunarskylda skal vera uppfyllt og stjórnandi kranans hafa lögskilin réttindi, en brot gegn þessum varúðarreglum getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 24. Skildagi fyrir skoðunarstöðvar bifreiða.

Þrátt fyrir ákvæði b. og c. liða í gr. 7.1 í almennu vátryggingarskilmálunum vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast á hendur vátryggðum vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem hann hefur til skoðunar svo og reynsluaksturs er fram fer með samþykki verkstjóra innan 1 km fjarlægðar frá skoðunarstöð.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 25. Skildagi vegna umboðsmanna skipafélaga.

Þrátt fyrir ákvæði b. liðar í gr. 7.1 í almennu vátryggingarskilmálunum bætir vátryggingin tjón á munum sem hinn tryggði hefur í sinni vörslu sem umboðsmaður skipafélags.

Önnur ákvæði skilmála um undanskildar áhættur gilda eftir sem áður.

Nr. 26. Skildagi fyrir sæpotur.



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Ábyrgð félagsins er háð því að sæpotur séu ekki á siglingaleiðum. Vátryggingin gildir ekki fyrir leigutaka yngri en 16 ára.

Nr. 27. Skildagi fyrir pakkaferðir.

1. Vátryggingarsvið.

- 1.1 Vátryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á vátryggðan samkvæmt 22. gr. laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, vegna slyss á mönnum eða skemmda á munum af völdum ófullnægjandi pakkaferðar sem vátryggður hefur skipulagt og/eða selt.
- 1.2 Vátryggingin er viðauki við ábyrgðartryggingu vegna atvinnureksturs vátryggðs og nær eingöngu til tilvika sem falla utan gildissviðs þeirrar vátryggingar.

2. Vátryggingarskilmálar.

- 2.1 Auk sérskilmála þessara gilda um vátrygginguna almennir skilmálar fyrir ábyrgðartryggingu gegn skaðabótaábyrgð í atvinnurekstri (1.-27. gr.) eftir því sem við getur átt.

3. Vátryggingarfjárhæðir.

- 3.1 Þrátt fyrir vátryggingarfjárhæð, sem tilgreind er í vátryggingarskírteini skv. gr. 16.1 í almennum skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu, takmarkast ábyrgð félagsins gagnvart hverjum einstökum tjónþola skv. skildaga þessum annars vegar vegna líkamstjóns og hins vegar munatjóns við fjárhæðir sem tilgreindar eru í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 3.2 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæðina, sbr. gr. 16.1 í almennum skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu, en þó greiðast aldrei hærrí bætur vegna munatjóna en sem nemur þeirri fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun vegna skildagans. Hrökkvi vátryggingarfjárhæð ekki til að bæta bótaskyld tjón, eftir að tekið hefur verið tillit til takmörkunar skv. gr. 3.1 í skildaganum, greiðast hlutfallslegar bætur til einstakra tjónþola.
- 3.3 Þegar vátryggðum er heimilt skv. öðrum lögum eða alþjóðasamningum að takmarka skaðabætur sem honum ber að greiða skv. 1. mgr. 22. gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, þá greiðir félagið aldrei hærrí bætur en hin heimilaða takmörkun segir til um.

4. Eigin áhætta vátryggðs.

- 4.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjáfur í eigin áhættu tiltekna fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

5. Sérstakar takmarkanir.

- 5.1 Vátryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna:
 - a. fjártjóns sem ekki verður rakið til slyss eða skemmda á eignum (almenns fjártjóns),
 - b. ábyrgðar vegna skemmda á farangri ferðamanns meðan hann er í vörslu flutningsaðila,
 - c. sérstakra refsikennndra bóta (punitive damages).

6. Landfræðileg mörk.

- 6.1 Í stað 14. gr. í almennum skilmálum ábyrgðartryggingarinnar gildir í skildaga þessum sú regla að vátryggingin taki til tjóns sem verður hvar sem er í heiminum þar sem ferðamaður ferðast í samræmi við samning um pakkaferð og samtengda ferðatilhögun.

7. Vátryggingartími.

- 7.1 Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu vegna tjóns sem verður í pakkaferð sem hefst á vátryggingartímanum. Vátryggingin tekur til tjóns sem verður í pakkaferð þar til ár er liðið frá upphafi ferðarinnar.
- 7.2 Tjón sem tilkynnt eru þegar meira en tvö ár eru liðin frá lokum pakkaferðar eru ekki bætt.



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

8. Aðrar vátryggingar.

- 8.1 Félagið greiðir ekki:
- skaðabótakröfu sem fellur undir lögboðnar ábyrgðartryggingar vátryggðs eða þriðja manns,
 - bótakröfu sem önnur vátrygging eða opinber trygging tekur til.

9. Endurkrafa.

- 9.1 Félagið öðlast rétt vátryggðs á hendur þriðja aðila að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur.

Nr. 28. Skildagi fyrir fatahreinsanir.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. almennu vátryggingarskilmálanna greiðir félagið skaðabótaskyld tjón sem verður þegar fatnaður glatast eða skemmist við hreinsun eða geymslu á honum. Þó ekki ef tjónið má rekja til þess að rangur fatnaður er settur saman í vél. Skilyrði er að viðskiptavinurinn hafi undir höndum merktan og númeraðan miða frá efnalauginni sem hann fékk afhentan er hann kom með fötin í hreinsun. Almenn ákvæði um lágmark eigin áhættu vátryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 29. Skildagi fyrir skaðabótaábyrgð vegna bráðamengunar.

1. Vátryggingarsvið.

- 1.1 Vátryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar vátryggðs vegna bráðamengunar samkvæmt 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar. Vátryggingin tekur einnig til kostnaðar vátryggðs af ráðstöfunum til að takmarka eða koma í veg fyrir frekara tjón.
- 1.2 Vátrygging samkvæmt skildaga þessum er viðauki við ábyrgðartryggingu vegna atvinnureksturs vátryggðs og nær eingöngu til tilvika sem falla utan gildissviðs þeirrar vátryggingar.

2. Vátryggingarskilmálar.

- 2.1 Auk skildaga þessa gilda um vátrygginguna almennir skilmálar ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur (1.-27. gr.) eftir því sem við á.

3. Landfræðileg mörk.

- 3.1 Vátryggingin gildir á Íslandi og í mengunarlögsögu Íslands.

4. Sérstakar takmarkanir.

- 4.1 Vátryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna:
- almenns fjártjóns, þ.e. (þar er) tjóns sem ekki telst vera beint tjón eða skaði á mönnum, dýrum, lífríki, jarðvegi og efnislegum verðmætum,
 - sérstakra refsikendra bóta (punitive damages).

5. Vátryggingarfjárhæðir.

- 5.1 Vátryggingarfjárhæð takmarkast við eina milljón SDR (Special Drawing Rights) vegna hvers vátryggingaratburðar og samanlagt vegna allra vátryggingaratburða á hverju vátryggingartímabili.

6. Eigin áhætta vátryggðs.

- 6.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki sjálfur í eigin áhættu tiltekna fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Eigin áhætta vátryggingartaka hefur ekki áhrif á rétt þriðja manns (tjónþola) til bóta úr vátryggingunni.



200 Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

7. Lok vátryggingar.

- 7.1 Falli vátryggingin úr gildi, m.a. vegna vanskila á greiðslu iðgjalds samkvæmt gr. 24.2 í hinum almennu skilmálum, ber félagið ábyrgð gagnvart þriðja manni (tjónþola) á tjónum sem verða þar til fjórar vikur eru liðnar frá því félagið tilkynnti Umhverfisstofnun um að vátryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið tekin.

8. Endurkrafa.

- 8.1 Félagið öðlast rétt þriðja aðila að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur.
- 8.2 Félagið getur endurkrafið vátryggðan eða starfsmenn hans, sem gegna ábyrgðarstöðum hjá honum, um allt tjónið hafi þeir valdið tjóninu af ásetningi. Hafi sömu aðilar valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi má endurkrefja þá um tjónið í heild eða að hluta.
- 8.3 Félagið á ætíð endurkröfurétt á hendur vátryggingartaka hafi félagið greitt bætur, sbr. gr. 7.1. hér að framan, vegna vátryggingaratburðar sem verður eftir að vátryggingin hefur fallið niður.

9. Sérstök meðferð ágreiningsmála.

- 9.1 Þrátt fyrir heimild í gr. 27.2 og 27.3 í hinum almennu skilmálum til að leggja ágreiningsmál fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum eða dómstóla, er heimilt að leggja fyrir umhverfisráðherra til úrskurðar ágreining um það hvort atvik, sem tjón er rakið til, teljist vera bráðamengun, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1078/2005.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2025